

**Kjarasamningur
milli
Norðuráls Grundartanga ehf. annars vegar
og
Félags iðn- og tæknigreina, Verkalýðsfélags Akraness, Stéttarfélags Vesturlands, VR og
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga hins vegar**

**1. gr.
Grunnlaun o.fl.**

Grein 3.02.1

Frá gildistöku samnings þessa, þann 1. janúar 2015, verða grunnlaun eftirfarandi:

Launaflokkar og grunnlaun kr./mán

112/212 Ófaglærðir starfsmenn í álframleiðslu, starfsmenn í mótuneyti, við ræstingu og öryggisverðir. *kr. 231.000.*

113/213 Starfsmenn með nám sem samsvarar tveggja ára iðnnámi og ráðnir eru til starfa sem krefjast viðkomandi náms, skrifstofumenn. *kr. 243.300.*

114 Fulltrúar á skrifstofu. *kr. 260.300.*

115/215 Iðnaðarmenn með sveinsbréf, sem ráðnir eru til starfa í iðn sinni. Fulltrúar á skrifstofu með fjögurra ára framhaldsnám. *kr. 278.600.*

116/216 Iðnaðarmenn með tveggja ára sveinsbréf sem ráðnir eru til starfa í iðn sinni. *kr. 300.300.*

117/217 Iðnaðarmenn með tvöfalt sveinsbréf, vélfræðimenntun, iðnfræðimenntun eða meistarabréf í iðngrein sem nýtist í starfi. *kr. 312.300.*

Grein 3.03.1

Í apríl 2015 kemur til eingreiðslu að upphæð kr. 300.000 sem greiðist til allra starfsmanna sem fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi þessum og eru á launaskrá hjá Norðuráli í lok mars 2015. Starfsmenn sem eru í hlutastörfum eða í afleysingum fá greitt hlutfallslega miðað við vinnutíma að baki útgreiddum launum í lok mars 2015.

Grunnlaunahækkunir:

Grunnlaun, skv. gr. 3.02.1 í kjarasamningi, taka á síðargreindum dagsetningum breytingum sem nema 95% af breytingu á launavísitölu Hagstofu Íslands yfir síðargreind viðmiðunartímabil vísitölu. Samningsaðilar eru sammála um að með því að nota 95% af breytingu launavísitölu á hverju viðmiðunartímabili er tekið hæfilegt mið af mælingaraðferðum og þeim starfsaldurshækkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum.

KMK
RC
EM
NA

Dagsetning breytingar

1. júlí 2015:
1. janúar 2016:
1. janúar 2017:
1. janúar 2018:
1. janúar 2019:

Viðmiðunartímabil vísitölu

Desember 2014 til júní 2015.
Júní 2015 til desember 2015
Desember 2015 til desember 2016
Desember 2016 til desember 2017
Desember 2017 til desember 2018

Grein 3.09.1

Um miðjan maí ár hvert skulu starfsmenn, sem unnið hafa samfellt hjá félaginu í heilt orlofsár eða lengur, fá greiðslu að fjárhæð kr. 170.000 til að standa straum af hluta orlofskostnaðar.

Grein 3.10.1

Um miðjan desember ár hvert skal hver starfsmaður, sem verið hefur í fullu starfi allt það sama ár hjá félaginu, fá greidda launauppbót að fjárhæð kr.170.000. Reglur um orlofsuppbót skv. lið 3.09.2 skulu einnig gilda um þessa greiðslu að breyttu breytanda eftir því sem við á.

2. gr.**Hlutdeild í árangri o.fl.****Grein 3.14.1**

Árangurstengd laun geta að hámarki numið 10% af samtölu grunnlauna, vaktaálagi, yfirvinnu og greiðslum fyrir ferða- og frágangstíma. Árangurstengd laun verða greidd út mánaðarlega. Aðilar eru sammála um að kerfið byggist upp á eftirfarandi þáttum, sem nánar eru útfærðir í samvinnu trúnaðarmanna og félagsins á hverjum tíma samanber meðfylgjandi viðauka:

Öryggismál 3,5%

- Öryggi og umgengni (2,0%)
- Öruggt atferli (1,5%)

Umhverfismál 2,0%

- Rismínútur (1,0%)
- Losun um rjáfur (1,0%)

Rekstrarþættir 4,5%

- Rafskautanotkun (1,0%)
- Virðisaukandi framleiðsla (1,5%)
- Frammistaða deildar (2,0%)

KPI RLG

ST ~~SB~~ E001
NH

3. gr.
Lífeyrissjóðir og aldur við starfslok

Greinar 7.01.2, 7.01.3 og 7.01.4 hljóði svo:

Grein 7.01.2

Iðgjöld til lífeyrissjóða greiðist vegna allra starfsmanna 16 ára og eldri í samræmi við lágmarksréttindi í lögum á hverjum tíma. Skulu iðgjöld, önnur er iðgjöld vegna séreignasjóða, fara eftir almennum kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og hlutaðeigandi landssambanda /stéttarfélaga eins og þau eru ákveðin í kjarasamningum á hverjum tíma.

Félagið annast skil iðgjaldanna mánaðarlega. Aðilar sammingsins eru sammála um að eðlilegt sé að félagið hafi stjórnunaráhrif til samræmis við aðra atvinnurekendur í þeim lífeyrissjóðum sem greitt er í.

Grein 7.01.3

Í samræmi við eftirfarandi ákvæði um framlög í séreignarsjóði lífeyrissjóða skulu starfsmenn láta af störfum við lok þess mánaðar sem þeir verða 67 ára.

Grein 7.01.4

Frjáls viðbótarframlög starfsmanna í séreignasjóð verða með þeim hætti að á móti 2% viðbótarframlagi starfsmanns í séreignasjóð greiðir félagið 2% og hlutfallslega ef starfsmaður greiðir minna.

KPI 126
DH
Eim
27

4. gr.
Gildistími

Grein 9.01.1

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2015 til 31. desember 2019 og fellur þá úr gildi án uppsagnar.

Grein 9.01.2 fellur niður

Niðurstöðu atkvæðagreiðslu um samning þennan skal tilkynna fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 26. mars n.k., ella skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 17. mars 2015

F.h. stéttarfélaganna

Vánjalinn Bjarni
Elfi Klundur
Dóttir Magnúsdóttir
Frantz Jónsson
Sigríður Þórunn
Ólafur Sigríðsson
Alma Halvarsson
Eliás Magnússon
Ingbjörg Þórunn
Sigrún Leynisdóttir
Sigrún F. Jónsdóttir
Sigrún Þórunn
Kasper Þórunn
Guðjón Víðar Guðjónsson

F.h. Norðurlágs Grundartanga ehf.

Ragnar
Sigrún Þórunn
Pjetur Ottósson
Jóhann Guðjónsson

Bókanir með kjarasamningi dags. 17. mars 2015

Breyting á bókun um stóriðjunám

Starfsmenn sem útskrifast úr grunnnámi í stóriðju skulu njóta 5% hækkunar grunnlauna og þeir sem útskrifast úr framhaldsnámi í stóriðju 5% hækkunar grunnlauna.

Bókun:

Aðilar munu skoða núverandi fyrirkomulag vakta. Mun hvor aðili fyrir sig skipa fjóra fulltrúa í vinnuhóp sem taka skal saman minnisblað um núverandi fyrirkomulagi. Skal það liggja fyrir fyrir 31. desember 2015.

Texti sammings verði uppfærður að öðru leyti, s.s. viðmiðunarfjárhæðir og bókanir sem ekki eiga lengur við.

Handwritten signatures and initials in purple ink, including a large stylized signature, the letters 'EM', 'AA', 'K11', and 'S2'.